



Ársskýrsla 2013 - 2014

Skýrsla stjórnar Ljóstæknifélags Íslands Starfsárið 2013 - 2014

Uppsetning og texti: Halldór Steinn Steinsen. halldor@betraljos.is, S: 860 4152

Aðalfundur 2013

Aðalfundur Ljóstæknifélags Íslands var haldinn í húsnæði Rafiðnaðarskóla Íslands að Stórhöfða 27 þann 8. maí. Guðjón L. Sigurðsson formaður félagsins gerði grein fyrir starfsárinu í aðalskýrslu. Að loknum venjulegum aðalfundarstörfum voru 3 erindi flutt. Davíð Eysteinnsson frá EFLU fræddi félagsmenn um sjúkrahús lýsingu. Dario Nunes hjá Lumex fjallaði um verkefni sitt í lýsingarhönnun við Háskólann í Wismar. Loks leiddi Guðmundur Pétur Yngvason félagsmenn í allan sannleik um nýja vöru frá Philips sem er kölluð Philips Hue. Allt saman áhugaverðir fyrirlestrar um ólík efni.



Stjórn

Ný stjórn félagsins kom saman þann 22.5 2013 og skipaði með sér verkum. Stjórn var því þannig skipuð:

Halldór Steinn Steinsen formaður
Soffía Valtýsdóttir varaformaður
Jón Ísaksson Guðmann ritari
Kristján G. Kristjánsson kynningarfulltrúi

Kristján D. Sigurbergsson gjaldkeri
Rósa D. Þorsteinsdóttir fræðslufulltrúi
Svanborg Hilmarsdóttir ritstjórnarfulltrúi

Stjórnin hélt alls 11 stjórnarfundum á starfstímabilinu.

Helstu mál stjórnar


Endurnýjuð vefsíða
Facebook síða
Útgáfumál
Málþing á Vetrarhátíð Reykjavíkur
Ljósaviðburðir á Vetrarhátíð Reykjavíkur
Tilnefning verka til Norrænu lýsingarverðlaunanna

Námskeið
Vikulegar vefsíðufærslur
Skipulagning Vetrarhátíðar Reykjavíkur
Vörusýning á Vetrarhátíð Reykjavíkur
Fræðslumál

Félagar


Gott starf hefur verið unnið á síðustu 2-3 árum við að halda utan um félagatal og markviss vinna hefur farið fram við að grisja félagatalið og tryggja að inni séu virkir félagar sem greiði til félagsins á . Félagsmenn eru samtals 221 talsins í dag. Skráðir nemar eru 11 talsins, einstaklingar eru 159 og fyrirtæki eru 35. Heiðursfélagar eru 2 og félagar 70 ára og eldri eru 17 talsins.

Ný vefsíða



Fyrsta verk nýrrar stjórnar var að taka vefsíðu félagsins í gegn. Fyrri vefsíða var orðin barns síns tíma í útliti og öryggi. Formaður félagsins tók að sér vinnu við þetta sem stóð yfir sumarlengt. Áður en hafist var handa var fengin ráðgjöf frá Sigurjóni Ólafssyni hjá Funksjón vefráðgjöf og unnið eftir meginlínunum sem hann lagði til. Myndir voru fengnar af lýsingarhönnunarverkum félagsmanna og þeim deilt í hreyfimyndaskeiði. Allt viðmót var einfaldað og síðan gerð hreinlegri. Auglýsingareitur var einnig seldur út og leggur félaginu til mánaðarlega. Ný og glæsileg vefsíða var tekin í notkun að hausti og ekki annað að heyra en að hún hafi mælst vel fyrir hjá þorra félagsmanna. Vefsíðan er í stöðugri þróun og það stendur til að setja inn meira efni á síðuna þegar fram líða stundir.

Vefmælingar



Við höfum haldið uppteknum hætti og sett inn vikulegar færslur á vef okkar www.ljosfelag.is ásamt fréttabréfi sem hefur verið dreift á félaga. Samtals hafa verið settar inn 37 færslur á nýja vefsíðu með samvarandi fjölda fréttabréfa. Þetta hefur mælst vel fyrir hjá félögum okkar. Vegna vinnu við vefsíðu lá teljari Google analytics niðri um tíma og því eru árstölur heimsóknna ekki tiltækar að sögn þjónustuaðila vefsíðu okkar. Þær tölur sem við höfum eru þó uppörvandi og segja okkur að síðuflettingar hafi verið 6.823 frá 1.978 manns á tímabilinu frá október og fram í lok mars. Hámarksjöldi heimsóknna á einum degi var í tengslum við Vetrahátíð Reykjavíkur en þá fóru um 380 manns inn á síðuna á einum degi. Heimsóknarmet síðata árs voru 106 gestir á einum degi.

Nám í lýsingarfræði



Tækniskóli Íslands fór af stað með lýsingarfræðinám síðasta haust eftir þriggja ára hlé. Talsverð vinna hafði farið fram áður við að uppfæra námið að þeim kröfum sem PLDA (Professional Lighting Design Association) hafði tilgreint fyrir nám af þessu tagi. Nemahópurinn er fremur fámennur með 6-7 einstaklinga en þeir eru afar áhugasamir. Nemendur fengu tækifæri í áfanga hjá Halldóri S. Steinsen um Áhrif ljóss á manninn að taka þátt í Guerilla verkefni inni Vetrahátíð Reykjavíkur. Einar Magnússon og Rósa D. Þorsteinsdóttir sem eru bæði útskrifuð úr lýsingarfræðinámi Tækniskóla Íslands höfðu umsjón með verkefninu og leiðbeindu nemendum í þessu verkefni sem var unnið í samvinnu við Reykjavíkurborg og með þátttöku félagsmiðstöðva í Breiðholti. Það er óhætt að segja að mikil ánægja ríkti meðal allra hlutaðeigandi með þetta verkefni.

PLDC Kaupmannahöfn



PLDC (Professional Lighting Design Conference) fór fram í Kaupmannahöfn síðasta haust. Að þessu sinni fóru 7 fulltrúar frá Íslandi sem er meira tvöfaldur sá fjöldi sem sótti ráðstefnuna síðast. Það er VIA verlag sem stendur að þessum viðburði en það fyrirtæki rekur öfluga fræðslustarfsemi fyrir fólk í lýsingarbransanum. Mikið er um góð erindi frá lýsingarhönnuðum sem er að glíma við allskyns áskoranir í faginu og það er óhætt að mæla með þessari ráðstefnu sem hefur sífellt verið að sækja í sig veðrið frá stofnun árið 2007. Auk þess er öflug vörusýning þar sem helstu framleiðendur sýna það nýjasta sem er í gangi í vöruframboði. Ljóstæknifélag Íslands var einn af formlegum stuðningsaðilum þessa viðburðar. Næsta PLDC ráðstefna verður haldin í Róm árið 2015.

LFÍ á Facebook



Ljóstæknifélagið fór í átak við að auka sýnileika sinn á Facebook enda meirihluti landsmanna þar inni. Við fórum í samstarf við EPAL og settum upp Facebook leik til að auka sýnileika síðunnar okkar. EPAL hét Do-Wop lampa til þeirra sem settu “like” á síðuna eða deildu mynd af plakatinu okkar með Do-Wop lömpum. Svanborg Hilmarsdóttir stjórnarmeðlimur vann með formanni að þessum leik og óhætt er að segja að hann heppnaðist mjög vel. LFÍ síðan fór úr því að vera með um 100 “like” og uppí 419 “like” í dag. Vinningshafi var dreginn út og það vildi svo heppilega til að hann sendi okkur ljósmyndir af vinningslampanum á sínu nýja heimili sem var mjög gaman að deila á síðunni okkar. Það eru skipulega settar inn færslur á Facebook síðu okkar amk vikulega og stundum oftar til að halda áhuga hjá þeim sem fylgjast með okkur. Allt er þetta gert til að deila fróðleik með okkar félagsmönnum. Það er ekki ólíklegt að við förum í fleiri leiki næsta vetur til að auka enn sýnileika okkar. Við hvetjum alla til að skoða Facebook síðu félagsins enda mikið að finna efni þar inni. Samtals er búið að setja inn 87 færslur á Facebook á starfsárinu.

Námskeið Vinnueftirlit & LFÍ



Tveggja daga námskeið um áhrif rafgeislunar á starfsmenn og gerð áhættumats var haldið í október af Vinnueftirliti í samstarfi við Ljóstæknifélag Íslands. Viðir Kristjánsson efnafræðingur hjá Vinnueftirliti, Gísli Ingavarsson og Jens Þórisson læknar ásamt Ástu Logadóttur rafmagnsverkfræðingi sáu um fyrirlestra á námskeiðinu. Formaður LFÍ hitti þátttakendur stuttlega og sýndi þeim aðstöðu Ljóstæknifélagsins á jarðhæð Rafiðnaðarskólans og fór í gegnum helstu atriði við ljósabox félagsins.

Nordisk lyspris



Holmenkollen, Vinningshafi Norsku lýsingarverðlaunanna 2013.

Nordisk lyspris verða afhent í ár. Norðulöndin eiga öll innlegg í þessa keppni og gaman að geta þess að Guðjón L. Sigurðsson hjá Verkís vann þessi verðlaun fyrir Bláa lónið árið 2006. Verk sem eru kláruð/opnuð síðustu 2 ár koma til greina í þessa keppni. LFÍ er að vinna að framlagi Íslands til þessara verðlauna og dreifipóstur var sendur út til allra okkar félagsmanna auk þess sem við eigum í samstarfi við Arkitektafélag Íslands að auglýsa eftir tillögum. Skilafrestur tillagna hefur verið tilkynntur þann 21. þessa mánaðar. Það er full ástæða til að hvetja okkar félagsmenn að skila inn tillögum í þessa keppni því þessi verðlaun hafa talsvert auglýsingagildi fyrir þá hönnuði sem vinna.

Afhending Nordisk Lyspris fer fram á Íslandi árið 2016. Sú hugmynd hefur verið rædd að búa til veglegri umgjörð um þessi verðlaun og hugsanlega nýta þau til að styrkja enn betur þá Norrænu samvinnu sem er í gangi. Það verður áhugavert að sjá hvort Norrænu félögunum lánast að búa til eitthvað meira úr þessum viðburði.

Norrænt samstarf

Fulltúar Norrænu ljóstækni félaganna skipulagt fundi í tvígang á þessu starfsári. Í fyrra skiptið í Danmörku á ljósadeigi Danske Ljóstækni félagsins og í seinna skiptið á Vetrarhátíð í Reykjavík. Norrænt samstarf er sérstaklega mikilvægt fyrir okkur hjá LFÍ í mannfæðinni á Íslandi og við horfum til okkar nágretta þegar kemur að útgáfu fræðsluefnis. Allir eru sammála um mikilvægi þess að halda Norrænu samstarfi til haga en það er nauðsynlegt að finna á því nýjan sameiginlegan flöt. Hugsanlega gæti það orðið til í kringum Nordisk lyspris.

Myrkurgæði



Ljósmynd: Snævarr Guðmundsson

Starfshópur um myrkurgæði á Íslandi skilaði umhverfis- og auðlindaráðherra greinargerð sinni þar sem settar eru fram þrettán tillögur um að varðveita myrkurgæði og sporna við ljósmengun á Íslandi, bæði í þéttbýli og dreifbýli. Umhverfissráðuneytið hélt í framhaldi málþing um þetta efni í október til kynningar á greinargerðinni. Það er ánægjulegt að segja frá því að tveir LFÍ félagar, þau Guðjón L. Sigurðsson og Rósa D. Þorsteinsdóttir voru ráðgefandi við gerð þessarar greinargerðar. Það væri gott að geta átt frekara samstarf um fræðslu á þessu sviði. Tíminn mun leiða það í ljós.

Námskeið LFÍ í Dialux



Ljóstæknifélagið stóð fyrir námskeiði í Dialux Evo í desember. Þeir sem þekka til vita að námskeið í Dialux eru fremur óaðgengileg og mjög kostnaðarsöm. Þetta var því gott tækifæri fyrir félagsmenn LFÍ að fá námskeið í þessu forrit á viðráðanlegu verði. Haft var samband beint við Dialux fyrirtækið í Þýskalandi og leiðbeinandi frá þeim, Ms. Cornelia Wuttke, kom til landsins og lóðsaði þátttakendur í gegnum kennsluefnið. Þátttaka í námskeiðinu var nokkuð góð og ekki annað en almenna ánægju að heyra með kennsluna og efnið sem var í boði.

Vetrarhátíð Reykjavíkur

Almennt

Vetrarhátíð Reykjavíkur var haldin 6.-15. febrúar. Ljóstæknifélag Íslands á nú fulltrúa í stjórn Vetrarhátíðar og það má þakka fyrrverandi formanni, Guðjóni L. Sigurðssyni sérstaklega fyrir að koma því á. Núverandi formaður Halldór S. Steinsen tók upp keflið og sótti vikulega fundi stjórnar vetrarhátíðar í allan vetur. Í uppgangi ferðapjónustu er Reykjavíkurborg í mun að gera Vetrarhátíð sem veglegasta enda haldin í febrúar sem er yfirleitt daufur tími í borginni. Vilji stendur til að breyta því og búa til ljóshátíð sem dregur til sín ferðamenn og borgarbúa. Þarna er á ferðinni gott tækifæri fyrir Ljóstæknifélag Íslands. Því hefur stjórn LFÍ ákveðið að Vetrarhátíð verði hápunkturinn í starfi Ljóstæknifélagsins á hverju ári. Að þessu sinni var málþing skipulagt í Tjarnarbíó auk vörusýningar í Ráðhúsi Reykjavíkur og ljósaviðburðir voru settir upp í borginni.

Málþing

LFÍ og SART stóðu fyrir Málþingi í Tjarnarbíó föstudaginn 7. febrúar. Yfirskrift málþingsins var “Lýsingarhönnun í þéttbýl”. Fyrirlesarar komu úr ýmsum háttum. Hildgunnur Sverrisdóttir arkitekt talaði um borgarsamfélagið, Hilmar Jónsson og Ársæll Jóhannsson ræddu um ljósín í borginni. Lýsingarhönnuður Malmö borgar, Johan Moritz fjallaði um sitt starf hjá Malmö. Guðmundur P. Yngvason fjallaði um lausnir Philips, Henning Cederquist frá Traxon sýndi nýjustu lausnir þeirra. Rósa Dögg Þorsteinsdóttir frá Verkís talaði um ljósvistarskipulag í þéttbýli. Fulltrúi frá Höfuðborgarstofur, Karen Jónsdóttir mætti til að kynna vetrarhátíð. Að því búnu mættu helstu listamenn Vetrarhátíðar og fjölluðu um sín verk. Hægt er að nálgast fyrirlestrana á Youtube með því að slá inn Ljóstæknifélag Íslands.

Vörusýning


LFÍ og SART stóðu fyrir vörusýningu í Ráðhúsi Reykjavíkur 7. og 8. febrúar. Sýnendur fengu ókeypis aðstöðu í Ráðhúsinu. Fjögur fyrirtæki voru með sýningaraðstöðu og þangað var öllum gestum beint í kaffi og mat. Sýning mæltist vel fyrir hjá gestum málþings á föstudag. Þó hefði umferð mátt vera meiri laugardaginn 8. LFÍ og fulltrúar sýnenda hittust eftir þennan viðburð til að leggja línurnar hvernig má gera þennan viðburð enn betri og fjölsóttari að ári. Við teljum að lýsingargeirinn á Íslandi geti alveg staðið undir einni góðri vörusýningu og stefnum ótrauð að því.

Ljósaviðburðir

Ljóstæknifélagið skipulagði og kom að fjölda ljósviðburða á Vetrarhátíð.

Kristján Gunnar Kristjánsson stjórnarmaður hjá okkur í LFÍ setti upp ásamt fríðu föruneyti sína lýsingarhönnun á safni Einars Jónssonar. Mönnum leist þannig á verkið að það varð fremur óvænt að opunarverki Vetrarhátíðar Reykjavíkur. Rósa Dögg Þorsteinsdóttir stjórnarmaður hjá okkur í LFÍ og Einar Magnússon LFÍ félagi höfðu umsjón með lýsingarfræðinemum sem hönnuðu lýsingu fyrir Guerilla innsetningu í gegnum áfanga í Tækniskólanum hjá Halldór Steinsen formanni LFÍ. Þetta verkefni var í samvinnuvið Reykjavíkurborg og félagsmiðsöðvar í Breiðholti. Hugmynd kom frá LFÍ að útdeila “glowsticks” á alla þá sem tóku þátt í ljósagöngunni. LFÍ skipulagði ljósaregnhlífarnar sem skutu upp kollinum óvænt hér og þar um bæinn á ljósagöngurúntinum. Nema í hönnunar og handverksskóla Tækniskóli Íslands settu upp ljósverk undir handleiðslu Þórdísar Zoega sem einnig kennir lýsingarfræðinemum. Dario Nunez LFÍ félagi tók saman við Jóhann Ólafsson og setti sinn svip á tollhúsið. Loks hannaði Halldór Steinsen formaður LFÍ lýsingu í Sundhöll Reykjavíkur á lokadegi vetrarhátíðar.

Vetrarhátíð Reykjavíkur myndir



Heimsókn

Nemendur úr HR komu í heimsókn til okkar hjá Ljóstæknifélagi Íslands að Stórhöfða 27. Kennari þeirra, Ásta Logadóttir rafmagnsverkfræðingur, var með í för. Halldór Steinsen tók á móti hópnum og sýndi nemunum ljósabox félagsins. Farið var yfir mismunandi ljósgjafa og sýnt framá með ljósmælingum hversu miklu máli skiptir að hugsa um yfirborð þegar kemur að lýsingu. Við létum renna í stóra vatnsprismann og leyfðum nemendum að horfa í gegn og giska á hvaða ljósgjafar voru á ferðinni út frá ljóslitrófi þeirra. Það er ánægjulegt að fá heimsókn sem þessa. Við hvetjum þá sem vilja kíkja í heimsókn að hafa samband við okkur hjá lf@ljوسفelag.is



Félagskort

Sú hugmynd kom upp fyrir nokkru frá að búa til kort sem félagsmenn fengju í hendur til marks um að tilheyra okkar hópi og að búa til vildarkerfi fyrir handhafa kortsins. Þetta félagskort er nú tilbúið og til afhendingar gildum félögum í Ljóstæknifélagi Íslands. Stefnan er sú að birta á vefsíðu félagsins hvaða tilboð eru í gangi hverju sinni og hvaða afslætti hægt er að fá hvar gegn framvísun kortsins. Eins og staðan er núna býður Epal 15% afslátt, Lumex 15%, Pfaff 15% og S. Guðjónsson 25%. Við munum í framhaldi af þessum fundi finna þessu stað á vefsíðunni okkar og senda út kortin til félaga. Það er okkar von að þetta mælist vel fyrir hjá félagsmönnum.

Starfið framundan

Ljóstæknifélag Íslands verður 60 ára þann 22. október 2014.

Við munum fagna þessum tímamótum með ýmsum hætti næsta vetur og að þeim verði gerð góð skil.

Útgáfumál

Það hefur verið nokkuð hlé á útgáfu félagsins allra síðustu ár. Hér er verk að vinna.

Við tókum upp vinnu á árinu við endurnýjun Neyðarlýsingarrits frá árinu 2007 til samræmis við nýja staðla. Ritnefnd var sett saman til að koma þessu riti á koppinn. Í henni eru Guðmundur Gunnarsson frá Mannvirkjastofnun, Guðjón L. Sigurðsson, Haraldur Þór Gunnlaugsson og Kjartan Jónsson frá Verkís. Norska ritið um neyðarlýsingu sem gefið var út 2013 er haft til hliðsjónar og LFÍ er í góðri samvinnu við Norðmenn um þetta. Stefnt er að útgáfu fyrrihluta næsta vetrar og námskeiðshaldi í framhaldi.

Ritið „Góð lýsing á heimilinu“ var gefið út á 50 ára afmæli félagsins árið 2004. Þetta rit er á margan hátt mjög gott en það þarf sárlega á endurnýjun að halda eftir glóperubann og mikla þróun í ljósgjöfum. Við stefnum að því að vinna við þetta rit í sumar þannig að við getum fagnað 60 ára afmæli með nýju og uppfærðu riti. Þetta rit hentar einstaklega vel fyrir almenning og við munum nýta tækifærið næsta haust og vekja athygli á afmæli félagsins og þessu nýja riti.

Starfið framundan

Námskeið

Það er áformað að halda eitt námskeið áður en sumarið hefst. Það námskeið verður um ljósvista, hvað einkennir þá og hvaða kröfur ber að gera til þessa ljósgjafa svo jafnvægi náist á milli verðs og gæða.

Fleiri námskeið hafa ekki verið ákveðin að sinni en líklegt að þau verði amk 2 til viðbótar.

Vetrarhátíð Reykjavíkur

Við munum hefja undibúning bráðlega að Vetrarhátíð Reykjavíkur og okkar markmið er að gera betur en síðast. Árið 2015 er ár ljóssins og við munum finna leiðir til að gera þeirri staðreynd hátt undir höfði og vekja athygli á okkar félagi og því góða starfi sem hefur verið unnið hér í gegnum árin.

Fjölgun félaga

Við munum stefna að því að fjölga félögum í okkar félagi og reynum að finna frumlegar leiðir til þessa að vekja athygli á okkur. Útgáfa “Góð lýsing á heimilinu” mun vafalaust vera ágætis tæki til þess.

Vefur og Facebook

Miðlun upplýsinga á vefsíðunni okkar og á Facebook mun verða með svipuðum hætti. Þó munum við reyna eftir megni að auka fræðsluefnið á vefnum.

Lokaorð

Það hefur verið líflegt yfir starfsemi Ljóstæknifélags Íslands í vetur tel ég að óhætt sé að fullyrða. Reksturinn hefur gengið vel fjárhagslega og við erum ágætlega í stakk búin til að láta að okkur kveða. Næsta starfsár heldur félagið uppá 60 ára afmæli sitt og við munum gera því góð skil með ýmsum hætti. Áhersla verður lögð á útgáfumál á næsta starfsári og stefnt er að útgáfu tveggja rita. Þetta mun jafnt vekja athygli á félaginu og afla því fjár til frekari verkefna. Árið 2015 verður ár ljóssins og í því felast sóknarfæri sem við munum nýta okkur eftir bestu getu. Framundan er gott starfsár fyrir Ljóstæknifélag Íslands.

